

1869. 25. febrúar. íbúa þessara sýslna, og sem nákvæmar verði tiltekið með samkomulagi millum yðar, herra stiptamtmaður, og amtmannsins í vesturumdæminu, og þar að auki yrði að fá yfirlýsing frá héraðslækninum í syðra umdæmi vesturamtsins um, hvort hann sè því samþykkur, að Páll Blöndal takist á hendur að gegna héraðslæknisstörfunum í Mýrasýslu.

26. febrúar. **12. Opið bréf um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp.**

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Þar eð Vér ekki höfum sèð Oss fært, samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis að veita frumvarpi því til stjórnarskipunarlagu handa Íslandi, sem þingið féllst á á fundi sínum 1867, Vora konunglega staðfesting, höfum Vér álitid réttast að leggja stjórnarskipunarmálið að nýju fyrir alþingi, og láta nýjar kosningar fyrst fara fram í því skyni, og fyrir því að leysa upp alþingi það, sem nú er. Því bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi, sem nú er, er leyst upp.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

26. febrúar. **13. Opið bréf um nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til fundar í ár.**

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Með því að Vér með opnu bréfi Voru dagsettu í dag höfum leyst upp alþingi, sem nú er, þá er það allrahæstur vilji Vor, að nýjar kosningar skuli nú í ár fara fram til alþingis fyrir næstu 6 ár. Fyrir því bjóðum Vér og skipum bæði öllum kjörstjórum og öðrum, sem eiga að styðja að kosningunum, að sjá svo um, að kosningarnar til alþingis fari fram sem fyrst, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru í til-

skipun 8. marzmán. 1843 smbr. tilskipun 6. janúarmán. 1857, og svo að þeim geti orðið lokið í síðasta lagi fyrir lok næstkomandi júnímánaðar. Svo bjóðum Vær og bæði þeim mönnum, er Vær munum kveðja til setu á alþingi, og hinum þjóðkjörnu alþingismönnum að koma til Reykjavíkur 27. dag júlímánaðar næstkomandi. Verður þeim þar skýrt frá því, sem að öðru leyti með þarf.

1869.

26. febrúar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

14. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um endurskoðun brauðamatsins frá 1853.

2. marz.

Með bréfi dagsettu 16. septembermán. f. á. hafið þær, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins dagsettu 30. desembermán. 1865, skýrslur um tekjurnar af öllum brauðum á Íslandi eptir meðaltali þau 5 árin, 1862—67, sem hlutaðeigandi prestar hafa samið eptir skýrsluformi, er búið hefir til í því skyni; eiga skýrslur þessar að vera undirstaða undir endurskoðun þeirri, sem mælt er fyrir um í tilskipun 15. desembermán. 1865, á mati því á öllum brauðum á Íslandi, sem staðfest er af konungi sama dag. Þær hafið þar að auki sagt álit yðar um starfa þann, er þannig hefir verið af hendi leystur, og sumpart bent á ýmsar reikningsvillur og ónákvæmni í skýrslunum, sumpart tekið fram ýmsa ósamkvæmni í skýrslunum um tekjur þeirra brauða, þar sem presturinn hefir arðinn af hlunnindum, til að mynda æðarfuglavarpi, selveidi, reka eða því um líku, og loks borið upp uppástungur um að breyta matinu á sumum af brauðum þessum.

Nú er stjórnarráðið hefir látið rannsaka og endurskoða skýrslur þessar og að öðru leyti grandgæfilega íhugað málefni þetta, skal þess getið, sem hér fer á eptir yður til leiðbeiningar.

Þar sem nú að einu leyti ber að taka til greina leiðrétt-